

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 230/2013

2014/EES/29/17

frá 13. desember 2013

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2011 frá 17. október 2011 um öryggisefirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1034/2011 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66xa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010):
„– **32011 R 1034**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2011 frá 17. október 2011 (Stjtið. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 15).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66xa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010):
„66xb. **32011 R 1034**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2011 frá 17. október 2011 um öryggisefirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 (Stjtið. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 15).“
3. Texti liðar 66ya (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1315/2007) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1034/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2013 frá 13. desember 2013 ⁽³⁾ eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 ⁽⁴⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 28, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 22.5.2014, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 51, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 58.